

1857.

2. júlí.

nákvæmlega gætt þeirra reglna, sem skipaðar eru fyrir um það, að sýna skuli eða kaupa á Íslandi hin lögboðnu leyfisbréf áður en afferming skipa sé leyfð.

22. júlí.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um skýrslur um þínglesin lagaboð.

Um leið og herra stiptamtmaðurinn (amtmaðurinn) með bréfi þessu er beðinn um að heimta skýrslur hjá öllum sýslumönnum í suður-umdæminu og bæjarfógetanum í Reykjavík (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæminu) um lög þau, tilskipanir og opin bréf, sem þínglesin hafa verið í hverri þínghá síðan 1. janúar 1849, og þareptir senda skýrslur þessar hingað, verður stjórnarráðið að biðja yður eptirleidis á ári hverju að senda því þessháttar skýrslur.

24. ágúst.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um embættisbústað handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum.

Með þóknanlegu bréfi 31. marz þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent stjórnarráðinu bréf frá innbúum Vestmannaeyja, og biðja þeir í því um, að hús verði byggt handa sýslumanni í eyjunum með þeim kostum, að borga skuli aptur og gjalda leigur af fè því, sem til þessa þyrfti, eptir reglum þeim sem vant er að fara eptir í öðrum hlutum landsins þegar eins stendur á. Þér hafið nú nákvæmar talið ástæður þær, sem eptir yðar áleti eru fyrir því, að nauðsynlegt sé að útvega embættisbústað handa tæðum sýslumanni, og hafið þér um leið látið þá meiningu í ljósi, að ekki muni vera faranda fram á að veita lán til þessa með þeim kostum, að það sé borgað aptur með því að greiða 6 af hverju hundraði í 28 ár, þar þetta mundi

verða embættinu ofvaxið; en á hinn bóginn hafi þér stungið uppá, að byggt verði hús handa optnefndum sýslumanni á kostnað ríkissjóðsins, og með því skilyrði, að sýslumaður skuli skyldur að halda húsinu við á sinn kostnað, eða þá, ef þetta ekki fengist, að embættinu væri veitt leigulaust lán, fram undir 2000 rd., til þess að byggja þvílíkt hús, og með þeim skilmálum, að borga skyldi lánið aptur með 100 rd. á ári, en sýslumaður halda húsinu við.

Stjórnarráðið verður nú að vísu að viðurkenna, að eptir því sem ástatt er á Vestmannaeyjum getur það verið örðugt fyrir sýslumanninn þar að útvega sér bústað, sem honum sé hæflegur, en að líkindum geta lík vandkvæði risið upp fyrir mörgum þeim sýslumönnum á Íslandi, sem samkvæmt lögum 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi eru skyldir að taka sér bústað í verzlunarstöðum landsins, t. a. m. sýslumönnum í Ísafjarðar og Snæfellsness sýslum, og eru þeir þó að því leiti verr staddir, að tekjur þeirra eru minni en tekjur sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Samt sem áður hefi eg skrifazt á við innanríkisstjórnina um þetta, en hún hefir svarað því á þá leið, að hún ekki gæti gefið jákvæði sitt til, að peningar þeir sem til þessa þyrfti væri goldnir úr ríkissjóðnum. Dómsmálastjórnin getur því ekki gjört frekara í þessu efni.

Frá þessu er herra stiptamtmaninum skýrt til vitundar og frekari auglýsingar.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um póstafgreiðsluna á Akureyri. 26. ágúst.

Með þóknanlegu bréfi 30. janúar þ. á. hafð þér, herra amtmaður! sent hingað beiðni frá Birni Jónssyni, sem settur er til að afgreiða póstinn á Akureyri, um að sér væri veitt þóknun fyrir ómak sitt og kostnað við afgreiðslu þessa. Í tilefni af þessu hafð þér stungið uppá, að nefndum B. Jónssyni sé veitt 20 rd. þóknun fyrir þann tíma sem hann þegar hefir afgreidt